

STJÓRNARTÍÐINDI A 24 — 1982

19. júlí 1982.

137

Nr. 82.

AUGLÝSING

**um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979,
fyrir Háskóla Íslands.**

Forseti Íslands féllst hinn 14. júlí 1982 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

1. mgr. 67. gr. orðist svo:

Kennslugreinar í guðfræðideild eru þessar: Gamlatestamentisfræði, nýjatestamentisfræði, trúfræði, félagsleg siðfræði, kirkjusaga, almenn trúarbragðafræði og kennimannleg guðfræði.

2. gr.

68. gr. orðist svo:

Nám í guðfræði til embættisprófs jafngildir 150 námseiningum og skiptist í kjarna, frjálst nám og kjörsvið samkvæmt nánari ákvörðun deildarinnar.

Heimilt er með leyfi deildarinnar að stunda frjálst nám í öðrum deildum háskólans.

Pegar stúdent er kominn áleiðis í námi, skal hann í samráði við kennara velja sér kjörsvið á sviði einnar kennslugreinar. Heimilt er stúdent í samráði við kjörsviðskennara sinn að stunda nám á kjörsviði í öðrum deildum háskólans eða í Kennaraháskóla Íslands auk náms í guðfræðideild.

Deildinni er heimilt að hefja kennslu í einstökum námskeiðum, þótt þau falli ekki undir kennslugreinar þær sem 67. gr. tilgreinir. Deildinni er einnig heimilt að kveða á um lágmarksundirbúning til þátttöku í tilteknum námskeiðum.

3. gr.

69. gr. orðist svo:

Heimilt er deildinni að ákveða, að ritgerðir og frammistaða í æfingum séu metnar sem hluti af prófi og áskilin sé lágmarkseinkunn í hverjum hluta. Þá getur deildin ákveðið, að ritgerðir eða önnur námsvinna geti komið í stað prófa í ákveðnum námskeiðum. Lokafrestur til að skila slíkum ritgerðum er síðasta kennsluvika misseris.

Próf eru skrifleg, en þó skal prófa verklega í prédikun og barnaspurningum. Í lokaprófi á kjörsviði skal prófa munnlega og að auki skal stúdent skrifa ritgerð úr efni kjörsviðs.

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 19. júlí 1982.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

A 18

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg